



Líf Siddharta – Búdda

Indland á tímum Búdda

1. Þau voru kölluð Mahajanapadas eða Konungsríkin miklu.
2. Sakyas.
3. Það voru fjórar stéttir: Efstir voru prestar og fræðimenn, næstir voru aðalsmenn og hermenn, því næst kaupmenn og bændur og neðstir voru þjónar og þrælar. Auk þess var stór hópur manna sem tilheyrði ekki neinni stétt. Þeir voru algjörlega réttindalausir og í raun útskúfaðir úr samfélaginu.
4. Fólk trúði því að gjörðir í þessu lífi hefðu áhrif á það í hvaða stétt það fæddist í næsta lífi. Þeir sem gerðu gott og fylgdu reglunum myndu því hækka um stétt en þeir sem væru sjálfelskir eða brytu reglurnar myndu lækka um stétt.
5. Hún myndi fæðast sem stéttleysingi og vera útskúfuð úr samfélaginu.

Fæðing Búdda

1. Borgin hét Kapilavatthu
2. Maya dreymdi að fjórir englar kæmu til hennar og bæru hana út að á þar sem þeir böðuðu hana, báru á hana ilmvoðn og klæddu hana í himnesk klæði og blóm. Að því loknu birtist henni hvítur fíll sem hélt á hvítu lótusblómi í rananum.
3. Vitringarnir túlkuðu drauminn þannig að drottningin ætti von á syni og hann yrði mjög merkur og góður maður.
4. Það var hefð á Indlandi á þessum tímum að konur fæddu börn sín á heimili foreldra sinna og þar af leiðandi var Maya á leiðinni til foreldra sinna.
5. Maya ákvað að hvíla sig í Lumbini garðinum og á meðan hún sat þar undir salatré þá fæddi hún son.
6. Hér er ekki eitt rétt rétt. T.d. er hægt að túlka þessa atburði þannig að þeir eigi að tákna að þarna hafi fæðst mjög sérstakt barn og að allur heimurinn, meira að segja jörðin sjálf hafi fagnað fæðingu þess. Sagan segir líka að barnið hafi bæði gengið og talað strax eftir fæðingu en það á að sýna hversu óvenju þroskaður einstaklingur þetta var.
7. Asita grét vegna þess að hann vissi að Siddharta ætti eftir að verða mjög merkilegur maður en þar sem hann sjálfur var mjög gamall þá myndi hann ekki lifa það að læra neitt af honum.
8. Hér er ekkert rétt svar en mikilvægt er að færa rök fyrir svari sínu.

Siddharta og svanurinn

1. Siddharta fékk þjálfun í að berjast með sverði og boga.
2. Siddharta fann til með svaninum, tók hann í fang sér, róaði hann, dró örina úr vængnum og vafði hann í skyrtuna sína til að halda honum heitum.
3. Hér er ekkert rétt svar en mikilvægt er að færa rök fyrir svari sínu.
4. Hér er ekki eitt rétt svar. Ein túlkun er sú að við eigum að vera góð við allt sem lifir, að allt líf hafi sama rétt eða að það sé æskilegra að reyna að minnka þjáningu en auka hana.



Sýnirnar fjórar

1. Konungurinn gaf Siddharta allt sem hugur hans girntist og meira til: þrjár stórkostlegar hallir, fagra eiginkonu og veislur á hverju kvöldi.
2. Siddharta leið ekki vel. Honum leiddist og hann varð mjög eirðarlaus. Hann vissi að lífið byði upp á meira en auðæfi og lúxus.
3. Fyrst sá hann gamlan gráhærðan mann, í annað skiptið sá hann fárveikan mann og í þriðja skiptið sá hann mann sem var látinn.
4. Hann varð mjög sorgmæddur og hugsi yfir þeim þjáningum og óhamingju sem fólk þarf að upplifa.
5. Hann hitti fátækan munk sem var glaður og friðsæll en hafði yfirgefið veraldlegar eigur sínar til að finna innri hamingju.
6. Hér er ekkert rétt svar en mikilvægt er að færa rök fyrir svári sínu.

Uppljómunin

1. Hann var mjög strangur við sjálfan sig og stundaði hugleiðslu, sjálfspynting og sverti sig nánast til dauða. Þetta gerði hann vegna þess að hann trúði því að ef hann æfði sig nógu mikið þá myndi hann öðlast uppljómun.
2. Hann var að hugleiða og ætlaði ekki að færa sig fyrir en hann hefði fundið sannleikann.
3. Mara var illur guð sem nærðist á græðgi, hatri og fáfræði. Hann vildi því ekki að Siddharta tækist að finna leið til að enda þjáninguna og reyndi að stöðva hann.
4. Hann uppgvötaði að allt líf er bundið lögum um orsök og afleiðingu eða karma og hann sá að góðar gjörðir leiða mann frá þjáningunni meðan illar gjörðir leiða til meiri þjáningar. Hann sá einnig að ástæðan fyrir þjáningunum er græðgi sem orsakast af því að menn telja sig vera merkilegri en allir aðrir.
5. Karma er kenning um að allt líf sé bundið lögum um orsök og afleiðingu. Það merkir að góðar gjörðir leiði fólk frá þjáningu eða að fólk fái umbun fyrir góð verk, meðan illar gjörðir leiða til meiri þjáningar eða fólk fái hegningu fyrir slæm verk. Það er hægt að koma með margskonar dæmi um hvernig karma virkar. Dæmið þarf bara að sýna að fyrir eða síðar fái fólk umbun fyrir góð verk og hegningu fyrir slæm verk.
6. Uppljómun Búdda er fagnað á Vesak hátíðinni en þá er einnig fagnað fæðingu og dauða hans.

Fyrsta kenningin

1. Það er átt við að þeir sem eru eins og lokað blóm séu ekki tilbúnir fyrir kenningar Buddha því þeir hafi ekki opinn huga. Þeir sem eru eins og opið blóm eru hinsvegar meðtækilegri fyrir kenningarnar.
2. Vegna þess að hann bjóst við því að þeir væru með opnari huga en flest fólk.
3. Til að komast að sannleikanum þyrfti fólk að skilja sannindin fern um lífið.
4. Búdda sagði að fólk gæti stöðvað sársaukann í lífinu og fundið frið með því að fylgja meðalveginum en það gerir maður með því að fylgja hinum átta skrefum á veginum.
5. Sangha er klaustursregla búddadóms.

Búdda deyr

1. Búdda ætlaði að deyja í Kusinagara.



2. Hann gaf munkunum og nunnunum ráð um hvernig þau ættu að gæta þess að klaustursreglan Sangha myndi halda áfram eftir dauða hans. Hann minnti þau einnig á að fylgja öllum þeim boðum sem hann hafði kennt þeim.
3. Búdda sagði Ananda að gráta ekki vegna þess að við verðum öll að kveðja það sem okkur þykir vænt um vegna þess að allt sem hefur upphaf hefur endi.
4. Búddistar trúu því að andlát Búdda hafi verið ólíkt andláti venjulegs fólks vegna þess að hann hafi verið búinn að öðlast uppljómun eða nirvana. Þegar hann lést hafi hann því horfið í paranirvana, hinn fullkomna frið, sem er markmið hvers búddista. Sá sem öðlast paranirvana er laus undan áhyggjum heimsins og mun því ekki endurfæðast.
5. Búddistar fagna andláti Búdda vegna þess að við andlát sitt öðlaðist hann endanlega lausn undan þjáningunni og áhyggjum heimsins eða paranirvana.

Saga búddadóms

Fyrstu búddaráðstefnurnar

1. Fylgismaður Búdda, Mahakasyapa, varð leiðtogi Sangha eftir andlát hans og eitt af hans fyrstu verkum var að fyrirskipa munkunum að safna saman kenningum Búdda.
2. Kenningum Búdda var skipt í eftirfarandi þrjá flokka: Karfa þekkingarinnar (Vinaya pitaka), karfa kenningarinnar (Sutta pitaka), karfa fræðihugtakanna (Abhidhamma pitaka).
3. Önnur búddaráðstefnan endaði með því að búddareglan klofnaði í tvennt.

Ashoka Indlandskeisari

1. Ashoka var mikill stríðsmaður sem varð keisari yfir hinu völduga Maryan ættarveldi í Indlandi.
2. Eftir mikinn og blóðugan bardaga gekk Ashoka yfir stríðsvöllinn og horfði á þúsundir manna dauða og sára. Við það fylltist hann miklu ógeði og eftirsjá þannig að hann ákvað að heyja ekki frekari stríð en reyna að bæta fyrir það sem hann hafði gert.
3. Í stað stríðsreksturs lét hann reisa skóla, spítala og brunna og fór í pílgrímsferðir á helgustu staði búddadóms þar sem hann lét byggja miklar stúpur, musteri og súlur til heiðurs Búdda. Í þær lét hann rista kennisetningar búddadóms. Auk þess sendi hann trúboða um allt Indland og nágrannalönd.
4. Líklega er ástæðan sú hve Ashoka var duglegur að breiða út boðskap búdda með fræðslu og uppbyggingu á skólum og nauðsynlegum aðbúnaði fyrir almenning s.s. spítölum og brunnum. Þannig hafi almenningur ekki aðeins lært um kenningar Búdda heldur einnig séð þær í verki.

Sangha – klaustursreglan

1. Í upphafi var klaustursamfélagið hópur förufólks, af báðum kynjum, sem fylgdi Búdda á ferðum hans. Á regntímanum urðu vegir hins vegar ófærir sem leiddi til þess að hópurinn fór að halda kyrru fyrir á þessu tímabili. Það varð til þess að stofnuð voru klaustur sem smátt og smátt urðu að undirstöðum Sangha.
2. Klaustrin nutu fljótt verndar og stuðnings konungsveldisins og annarra ráðamanna sem gerði þeim auðveldara fyrir að starfa og stækka.
3. Búddamunkar og nunnur mega eiga kuflinn sem þau ganga í, betliskál og rakhníf sem þau nota til að raka hárið af höfði sér.



4. Þau raka af sér hárið vegna þess að þau eiga ekki að hugsa um ytri fegurð heldur að einbeita sér að því að þroska með sér sína innri fegurð.
5. Með því að gefa munkunum og nunnunum mat safnar fólk verðleikum sem munu veita því betri endurfæðingu í næsta lífi.

Tvær meginstefnur

1. Theravadastefnan er ráðandi í löndum Suður-Asíu eins og Sri Lanka, Burma, Tælandi og Kambódíu.
2. Mahayanastefnan er ráðandi í löndum Norður-Asíu og Austurlöndum fjær t.d. Kína, Japan, Kóreu, Tíbet og Mongólíu.
3. Fylgismenn theravadastefnunnar líta svo á að tilgangurinn með lífi þeirra sé að verða *arhat*, fullkominn dýrlingur sem hefur náð nirvana og mun ekki endurfæðast.
4. Samkvæmt theravadastefnunni er talið mjög ólíklegt að venjulegt fólk geti náð uppljómun heldur er talið að eingöngu munkarnir hafi tækifæri til þess. Fylgismenn mahayanastefnunnar trúa því hinsvegar að uppljómun geti náðst á aðeins einu æviskeiði og hver sem er geti öðlast nirvana. Vegna þess hve fáir eiga möguleika á því að öðlast uppljómun samkvæmt theravadastefnunni kalla fylgismenn mahayanastefnunnar stefnu sína *stóra vagninn* en theravadastefnuna kalla þeir *litla vagninn*.

Dalai Lama og lamasiður

1. Lamasiður er uppruninn í Tíbet. Áhrifin frá hindúasið með flóknum helgisiðum með töntrum, yoga og helgihlutum greinir hann talsvert frá ráðandi stefnum búddadóms.
2. Dalai Lama er yfirmunkur klaustursins í Tíbet og þar sem Tíbet var munkaríki er Dalai Lama einvaldur í landinu. Hann er einnig talinn vera Búdda sjálfur endurfæddur.
3. Þegar Dalai Lama deyr er leitað að sveinbarni eða *yangsi* sem gæti verið hann endurfæddur. Það er því leitað eftir ákveðnum merkjum til dæmis að barnið hafi fæðst með krosslagðar fætur.
4. Núlifandi Dalai Lama fékk friðarverðlaun Nóbels árið 1989.

Búddadómur í dag

1. Búddistar í heiminum eru taldir milli 250 og 500 milljónir.
2. Flestir búddistar eru búsettir í austurhluta Asíu.
3. Til að byrja með var lítið svo á að búddistar ættu eingöngu að sýna samhygð sína með þeim sem áttu erfitt en ekki að gera of mikið til að hjálpa vegna þess að þannig væru þeir að tengjast hinu veraldlega of mikið. Í nútímanum gegnir búddadómur hinsvegar víða félagslegu og pólitísku hlutverki og margir búddistar líta svo á að það sé beinlínis þeirra hlutverk að hafa áhrif á samfélagið.

Búddadómur á Íslandi

1. Talið er að búddistar á Íslandi séu um 1000.
2. Eina búddamusterið á Íslandi er í Kópavogi.
3. Venjan er sú að konur mæta með heimatilbúinn mat og færa munkunum. Munkarnir kyrja bænir og ritningarvers sem allir taka þátt í. Að því loknu fá munkarnir sér að borða en fólkíð spjallar saman. Þegar munkarnir hafa lokið máltíðinni má fólkíð svo borða en það er talinn mikill heiður að borða á eftir munkunum.



4. Á Íslandi eru eftirtalin búddistafélög: Búddistafélag Íslands, Karuna-hreyfingin, Zen-búddistar á Íslandi – Nátthagi og Soka Gakkai.

Kennisetningar og reglur

Hin fjögur göfugu sannindi

1. Vegna þess að það er litið á allar slíkar hugleiðingar sem aukaatriði eða hégóma. Það eina sem skipti máli er að einstaklingum sé hjálpað að losna undan þjáningunni og finna veginn til nirvana.
2. Dharma er kenningar Búdda um þjáninguna og leiðir til að losna undan henni.
3. Samkvæmt dharma er ástæðan fyrir því að við þjáumst sú að við höfum langanir og sækjumst sífellt í meira en við eigum.
4. Maðurinn losar sig við þjáninguna með því að losa sig við fýsnir og langanir.
5. Leiðin til þess að losa sig við langanir og þjáningar er að feta göfuga áttfalda veginn.

Göfugi áttfalda stígurinn

1. Fyrstu tveir áfangar göfuga áttfalda stígsins fjalla um að fyrst þurfi einstaklingurinn að skilja bæði sjálfan sig og kenningar Búdda um þjáninguna og vera tilbúinn til að lifa lífi sínu samkvæmt kenningum Búdda. Þannig losni hann við hina fölsku sjálfsmýnd sem elur af sér allar skaðvænlegar langanir, hugsanir og gjörðir.
2. Næstu þrjú áfangarnir snúast um dyggðugt lífverni, því að einstaklingurinn forðist að gera hluti sem valdi honum eða öðrum skaða.
3. Síðustu þrjú áfangarnir snúast um einbeitingu hugans sem hjálpar einstaklingum að losna við langanir og hatursfullar hugsanir sem gætu leitt til þess að hann ylli skaða.
4. Hér er ekkert rétt svar en mikilvægt er að færa rök fyrir svari sínu.
5. Með því að fylgja hinn göfuga áttfalda stíg telja búddistar að þeir minnki þjáningu en auki hamingju, bæði fyrir sjálfa sig og aðra. Þannig hjálpar það þeim að kljást við vandamál hins daglega lífs.

Lífsreglurnar

1. Megininntak í siðareglum búddadóms er að forðast beri allt illt, leitast eftir að gjöra gott og hreinsa huga sinn.
2. Fimm meginreglur búddadóms: 1) Að drepa ekki nokkra lifandi veru. 2) Að stela ekki. 3) Að ljúga ekki, svíkja eða baktala. 4) Að stunda ekki ósiðlegt kynlíf. 5) Að drekka ekki áfengi.
3. Ungmunkar og ungnunnur þurfa að fylgja tíu reglum. Þessum fimm almennu og fimm reglum til viðbótar. Munkar og nunnur sem hafa tekið endanlega vígslu þurfa hinsvegar að fylgja samtals 227 reglum.
4. Hér er ekkert eitt rétt svar. Eitt dæmi er að þjófnaður veldur þolanda þjáningu því hann tapar því sem var stolið. Verknaðurinn veldur gerandanum líka þjáningu t.d. með samviskubiti, fangelsi eða því að hann færist fjær markmiði hvers búddista að öðlast nirvana og losna undan þjáningum lífsins.
5. Hér er ekkert eitt rétt svar. Ef einhver sýnir öðrum góðvild t.d. með því að gefa hungruðum mat þá linar hann þjáningu þess hungraða og um leið skapar hann sína eigin hamingju t.d. með því að vera sáttur við gjörðir sínar, með því að fá góðmennskuna launaða síðar meir eða



með því að færast nær markmiði hvers búddista að öðlast nirvana og losna undan þjáningum lífsins.

Karmalögmálið

1. Karma þýðir *verknaður* og karmalögmálið gengur út á það að allt sem fólk gerir hefur afleiðingar. Þannig fær fólk hegningu fyrir slæm verk en umbun fyrir það sem það gerir gott. Dæmi um karma geta verið margvísleg en lykilatriðið er að ef einhver gerir eitthvað gott þá fær hann það endurgoldið þótt síðar verði og ef hann gerir illt þá hegnist honum fyrir það á endanum.
2. Búddistar trúa því að eftir að við deyjum fæðumst við alltaf í nýjum líkama og kallast það endurholdgun.
3. Búddistar vilja hætta að endurfæðast vegna þess að þeir líta svo á að lífið sé fullt af þjáningum.

Demantarnir þrír

1. *Athvarf mitt er Búdda, athvarf mitt er Dharma, athvarf mitt er Sangha.*
2. Demantarnir þrír eru þrjár hliðar á búddadóms sem saman mynda kjarna hans. Fyrsti demanturinn er *Búdda* sjálfur, kenning hans og uppljómun. Annar demanturinn er *Dharma*, kenningin eða það sem leiðir manninn til uppljómunarinnar. Þriðji demanturinn er *Sangha*, samfélag munna og nunna sem veitir einstaklingnum skjól til að leita sannleikans og ganga hinn áttfalda veg Búdda.
3. Að hafa demantana þrjá að athvarfi sínu merkir að maður lofi sjálfum sér að fylgja kenningum og siðaboðskap Búdda.
4. Hér er ekkert rétt svar en líkleg skýring er sú að þetta séu mikilvægir og dýrmætir þættir í lífinu.

Helgirit

1. Vegna þess að Búdda hafði ekki skráð kenningar sínar heldur lærðu fylgjendur hans þær utanbókar og þær bárust frá manni til manns í hundruð ára.
2. Tripitaka eða körfurnar þrjár eru elstu helgirit búddadóms.
3. Jakatasögurnar eru safn dæmisagna sem Búdda notaði til að útskýra kenningar sínar.
4. *Lótussútran* er frá 200 e.kr. og er líklega mikilvægasta rit mahayanstefnunnar en í henni er að finna það sem mahayana-búddistar telja vera lokakenningu Búdda.

Tákn og helgir dómar

Dharmahjólíð

1. Vegna þess að það er hringur sem hefur því hvorki upphaf né endi. Það getur einnig runnið hring eftir hring endalaust eða þar til eitthvað stöðvar það.
2. Eldri dharmahjól voru með mörgum stöngum, stundum 24 stöngum sem tákn um sólarhringinn. Nýrri útgáfur af hjólinu hafa ýmist fjórar stangir sem tákna fjóra stórviðburði í lífi Búdda eða með átta stangir sem tákna hinn göfuga áttfalda veg.
3. Hér er ekkert rétt svar. Dæmi um tákn eru krossinn úr kristni, hálfmáni og stjarna í íslam, Davíðsstjarnan úr gyðingdómi og Þórshamarinn í ásatrú.



Lóтусblómið

1. Lóтусinn er tákn andlegs hreinleika.
2. Að þetta sé annaðhvort Búdda eða boddhisatva.
3. **Hvíti lóтусinn** er tákn uppljómunarinnar, stig andlegs hreinleika og fullkomnunar. **Bleikur lóтус** er tákn efsta guðdómsins. Hann er æðsti lóтусinn og tákn Siddharta Búdda. **Rauður lóтус** er tákn ástar, ástríðna, samúðar og annarra eiginleika hjartans. **Blár lóтус** er tákn viskunnar og um sigur hins andlega. **Fjólblái lóтусinn** tengist hinum dulræna lóтус.
4. Hér er ekki eitt rétt svar. En sem dæmi má nefna að rauð rós er sögð tákna ást, gul rós tákna öfund og hvítar liljur tákna hreinleika.

Fótspor Búdda

1. *Buddhapada* eru fótspor greypt í stein sem sagt er að séu mót þar sem Búdda steig til jarðar í sínu veraldlega lífi.
2. Tærnar eru allar jafn stórar. Á þeim eru einnig oft tákn sem eru einkennandi fyrir Búdda til dæmis dharmahjólið, lóтусinn eða gimsteinarnir þrír.
3. Fótsporin tákna nærveru Búdda þar sem þau sýna merki þess að hann hafi stigið á jörðina en um leið tákna þau fjarlægðina við Búdda sem hefur öðlast nirvana og minna á hugmyndir hans um að tengjast ekki um of hinu veraldlega.
4. Þar sem það eru fætur hins guðlega sem snerta jörðina.

Búddalíkneski

1. Búddamyndirnar eiga að blása hugmyndum um helgidóminn í brjóst búddista sem eiga að bera virðingu fyrir þeim.
2. Það má dást að líkneskjunum og bera virðingu fyrir þeim en það má ekki tilbiðja þau líkt og gert er við skurðgoð.
3. Sútrurnar segja að Búdda sé hávaxinn með langar hendur og fingur. Hann er herðabreiður, með stóran brjóstakassa og breiða lærvöðva og húð hans er gyllt að lit. Hárið er svart, fingert og liðað. Augun eru stór og blá og hann er með löng og falleg augnhár. Á iljunum er hann með dharmahjólið og á milli augnbrúnanna er blettur með hvítum hárum.
4. Mudrur eru mismunandi handbendingar í búddisma en hver mudra hefur sína merkingu.
5. Mikill fjöldi mudra er til. Í textanum er sagt frá tveimur: 1) Ef fingur annarrar handar liggja ofan á fingrum hinnar handarinnar með lófann opinn upp á við og þumlarinn snertast fyrir ofan lófana þá er það tákn hugleiðslu og leiðarinnar til uppljómunar. 2) Ef hægri hönd Búdda snertir jörðina mjúklega en hin vinstri er lárétt með lófann opinn þá er það tákn um hvernig Búdda yfirvann hindranir og freistingar á leið sinni til uppljómunar.

Stúpur

1. Stúpa er lítil bygging sem er elsta tegund tilbeiðslustaða búddadóms.
2. Fyrstu stúpurnar eru bjöllulaga haugar sem voru settir yfir jarðneskar leifar Búdda eða boddhisatva. Síðan var byggt yfir hauginn og úr urðu turnlaga byggingar.
3. Þegar búddadómur barst til Kína og Japan breyttist hönnunin á stúpunum og þær urðu bæði mjórri og hærri. Þær eru því í raun turnar með 3–13 hæðir (þó alltaf oddatölu) og oft eru þær með 8 hliðar. Stundum eru þær málaðar og skreyttar með þakskífum. Þessar tegundir stúpa eru kallaðar *pagódur*.



4. Hin mikla stúpa á Sri Lanka þykir einstaklega merkileg vegna þess að hún er elst hinna þriggja stærstu fornu steinbygginga í heiminum.
5. Búddistafélag Íslands hefur reist stúpu í Smárahverfi í Kópavogi.

Fáni búddista

1. Fáninn er sameiningartákn búddista og tákn um trú og frið.
2. Blár merkir samúð, gulur er fyrir meðalveginn, rauður fyrir blessun, hvítur fyrir hreinleika og frelsun og appelsínugulur fyrir visku.

Helgir staðir

Lumbini – fæðingin

1. Á tímum Búdda var Lumbini fallegur garður þakinn grænum og skjólgóðum trjám.
2. Lumbini garðurinn er helgur í hugum búddista vegna þess að Búdda fæddist þar.
3. Ashoka lét byggja þar fjórar stúpur og stóra steinsúlu til heiðurs Búdda.

Bodh Gaya – Uppljómunin

1. Borgin Bodh Gaya er frægust fyrir að vera staðurinn þar sem Búdda öðlaðist uppljómun sína.
2. Inni í musterinu er *Vajrasana*, demanta hásætið, sem sagt er að sé staðsett nákvæmlega á þeim stað þar sem Búdda fékk uppljómunina. Í musterinu er einnig stór stytta af Búdda sem áætlað er að sé 1700 ára gömul.
3. Vegna þess að laufin eru af ævafornu bodhi-tré sem er talið vera á sama stað og bodhi-tréð sem Búdda sat undir þegar hann öðlaðist uppljómun og pílgrímarnir telja því laufin vera helg.
4. Það var gróðursett á 3. öld f. Kr. og er því meira en 2200 ár gamalt og álitid eitt elsta tré veraldar.
5. Hér er ekkert rétt svar heldur er spurningin hugsuð til þess að nemendur velti fyrir sér hvernig staðir geta öðlast vissa helgi í huga manns.

Sarnat – Fyrsta kenningin

1. Sarnat er dádýragarðurinn þar sem Búdda kenndi í fyrsta sinn og Sangah, munkareglan, var stofnuð.
2. Sagt er að Dhameka stúpan hafi verið byggð á nákvæmlega þeim stað sem Búdda kenndi í fyrsta sinn.
3. Þekktasta höggmynd Indlands er súluhöfuð með með fjórum ljónum.
4. Bæði skjaldamerkin eru með fjórum skeppnum.

Kushinagara – Dauðinn

1. Kushinagara er mikilvægur staður í huga búddista vegna þess að þar dó Búdda eða öðlaðist paranirvana, endanlega lausn.
2. Fornleifauppgröftur við bæinn Kasia leiddi í ljós að Kasia er hin forna Kushinagara.
3. Líkami látins fólks er brenndur samkvæmt indverskum sið.
4. Öskunni og þeim jarðnesku leifum Búdda sem eftir voru s.s. tönnum og höfuðkúpubeinum.



Að vera búddatrúar

Daglegt líf

1. Þetta er gert til að vernda húsið og færa íbúum þess gæfu.
2. Oft er haldin veisla og munkum boðið til að vígja nýju eignina. Þetta er gert til að færa íbúum þess blessun og verja fyrir áföllum.
3. Hér er ekkert rétt svar en spurningin er hugsuð til þess að fá nemendur til að bera saman siði og trú fólks með mismunandi lífsskoðanir. Krossinn er dæmi um vinsælan verndargrip en happagripir geta t.d. verið skeifa, steinar eða ákveðnar flíkur.
4. Búddistar mega halda upp á ýmsar trúarlegar hátíðir þeirra landa sem þeir búa í. Á Íslandi halda þeir til dæmis upp á jólin eins og flestir Íslendingar, með því að hitta sína nánustu, borða saman og gefa gjafir. Búddistum finnst þetta falleg og góð hefð í skammdeginu. Á páskunum fá þeir sér súkkulaðiegg þó svo að páskarnir sem slíkir hafi enga merkingu hjá þeim.
5. Í mörgum löndum Asíu er ekki hefð fyrir því að halda upp á afmæli sitt á sama hátt og á Íslandi. Algengt er að afmælisbarnið fari með mat, blóm og peninga til munksins síns á afmælisdeginum. Börn af asískum ættum sem búa á Íslandi halda þó afmælisveislu eins og aðrir íslenskir krakkar.

Hátíðir

1. Trúarhátíðir búddista eru yfirleitt haldnar á fullu tungli.
2. Vesak hátíðin er stærsta og mikilvægasta hátíð theravastefnunnar. Á þessum degi er fæðing, uppljómun og dauða Búdda fagnað. Hátíð þessi er haldin á fullu tungli 6. tunglmánaðar, Vesak mánaðar sem er yfirleitt í maí mánuði.
3. Þeir færa hátíðarhöldin fram á næsta laugardag.
4. Berðu saman hvernig flestir búddistar á Íslandi halda upp á Vesak hátíðina og hvernig kristnir halda upp á jólin. Í báðum tilvikum er haldin veisla þar sem matur er á boðsstólum. Kristnir halda hana hinsvegar oftast heima með sínum nánustu meðan búddistar hittast í musterinu. Í báðum tilvikum er farið í eða hlustað á helgipjónustu. Kristnir gefa hinsvegar hver öðrum gjafir á jólnum meðan búddistar færa munkunum mat og blóm. Á Íslandi fara búddistar í göngu að búddastúpunni og ganga í kringum hana með blóm í hönd til að minnst Búdda og kenninga hans. Alengt er að kristnir Íslendingar fari í kirkjugarða og leggi blóm á leiði ættingja og minnst þeirra.
5. Blómin eru til að minna á það að alveg eins og blómin visna fljótt og deyja þá munum við einnig öll deyja og hverfa frá, því ekkert endist að eilífu.

Fæðing barns

1. Í Tælandi eru yfirleitt ekki neindir sérstakir nafngjafasiðir fyrir utan það að munkar eru stundum beðnir um að finna gott og blessunarríkt nafn. Í Burma eru haldnar margskonar bernskuathafnir, til dæmis þungunarathöfn, fæðingarathöfn, nafngjafarathöfn og athafnir til að festa lokka í eyru stúlkna og binda upp hár drengja.
2. Í mörgum löndum er munkum boðið heim þegar barn fæðist til að tóna ritningarvers úr helgiritunum. Þegar barn er orðið mánaðar gamalt eða þegar það er farið að ganga er svo



farið með það í musteri þar sem því er gefið nafn og munkarnir tóna blessunarorð og bera vígt vatn yfir bæði barnið og foreldrana.

3. Í slíkum tilvikum er algengt að haldnar séu tvær nafngjafaathafnir fyrir barnið.

Manndómsvígsla

1. Manndómsvígsla er vígsla sem er haldin á þeim tímamótum í lífi barns þegar samfélagið lítur svo á að það sé orðið fullorðið. Í búddadómi er ekki þrýst á fólk að staðfesta trúna með manndómsvígslu.
2. Borgaraleg ferming er manndómsvígsla sem tengist engum sérstökum átrúnaði.
3. Ástæðan er sú að búddistar líta ekki svo á að Búdda sé eða hafi verið einhver guð og þar af leiðandi er búddistum heimilt að trúna á þá guði sem þeim þóknast og geta því samhliða búddadómi stundað annan átrúnað.

Hjónaband

1. Hefðir búddista í tengslum við hjónavígslu og hjónaband eru mismunandi eftir löndum og fylgja þær því öðrum trúarbrögðum landsins eða fornum venjum og siðum. Ástæðan fyrir þessu er sú að þar sem að Búdda sjálfur yfirgaf konu sína og fjölskyldu til þess að gerast farandmunkur þá er erfitt að leita til hans eftir fyrirmyndum í tengslum við hjónabandið.
2. Bómullarþráður er vafinn umhverfis búddalíkneskið í búddamusterinu og alla viðstadda og munkarnir lesa helga texta og fara með blessunarorð. Að því loknu klippa þeir tvo spotta af bandinu og binda annan um úlnið brúðgumans sem svo bindur hinn spottann um úlnið brúðar sinnar þar sem búddamunkar mega ekki snerta konur. Þessir þræðir eru tákni um sameiningu brúðhjónanna og þau eiga að ganga með þá þar til þeir detta af.
3. Margir gifta sig í kirkju en sumir gifta sig svo aftur að sið þeirrar þjóðar sem búddistinn er frá.

Útför

1. Þegar einhver deyr koma munkar á heimili hins látna og lesa eða kyrja texta úr helgiritum.
2. Það að er trú manna að slíkt færi honum gæfu í næsta líf og færi hann nær nirvana.
3. Á Íslandi er algengt að útför fari fram á búddískan hátt áður en viðkomandi er jarðaður samkvæmt kristnum sið.